23. ágúst 2023

# Staðan í málefnum flóttafólks
# Norrænn samanburður

**Stjórnarráð Íslands**
Félagsmálaráðuneytið

# Staðan í verndarkerfinu í 21. ágúst 2023




Upplýsingar eru aðgengilegar á vef stjórnarráðsins og eru uppfærðar einu sinni á sólahring

# Umsóknir frá ríkisborgurum Úkraínu

| Land | Fjöldi umsókna frá Úkraínu 1.11.22 | Fjöldi umsókna á hverja 1.000 íbúa |
|---|---|---|
| Svíþjóð | 47.700 | 4,6 |
| Finnland | 43.000 | 7,8 |
| Danmörk | 34.700 | 5,9 |
| Noregur | 31.000 | 5,7 |
| Ísland | 1.700 | 4,5 |

Frá því að stríðið braust úr í lok febrúar 2022 til loka október sama ár höfðu Norðurlöndin tekið á móti ólíkum fjölda ríkisborgara Úkraínu og veitt þeim dvalarleyfi. Ekkert Norðurlandanna telur Úkraínumenn sem umsækjendur um alþjóðlega vernd nema Ísland.

Heimild: UNHCR

# Umsækjendur um alþjóðlega vernd (aðrir en ríkisborgarar Úkraínu) árið 2022 samkvæmt tölum frá European Union Agency on Asylum (EUAA)

| Land | Fjöldi uav 2022 (annarra en Úkraínu) | Fjöldi umsókna á hverja 1.000 íbúa |
|---|---|---|
| Svíþjóð | 18.605 | 1,8 |
| Finnland | 5.780 | 1 |
| Danmörk | 4.565 | 0,8 |
| Noregur | 4.840 | 0,9 |
| Ísland* | 2.173 | 5,8 |

*tölur frá ÚTL




**Fjöldi flóttafólks sem samið hefur verið um í samræmdri móttöku flóttafólks**




**Staðsetning sveitarfélaga sem undirritað hafa samninga um samræmda móttöku flóttafólks**

# Við í norrænum samanburði

| Land | Fjöldi héraða og sveitarfélaga | Skylda til móttöku | Samræmd móttaka | Tilkynnt fyrir fram um fjölda | Tími frá tilvísun til flutnings í sveitarfélag | Skylda til að útvega húsnæði | Lög um aðlögun og ábyrgð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Svíþjóð | 21 hérað<br>290 sveitarfélög | Já frá 2016 | Já<br>En þó munur milli sveitarfélaga | Já | 2 mánuðir<br>4 vikur v/Úkraínu | Já<br>varanlegt | Já<br>Ábyrgð hjá vinnumálast. |
| Finnland | 21 hérað<br>304 sveitarfélög | Nei, þátttaka frjáls samkv. samningum | Nei | Já | | Já<br>varanlegt | Já<br>Ábyrgð hjá velferðarsvæði. Aukið vægi atvinnuþátttöku frá 2022 |
| Noregur | 11 fylki<br>356 sveitarfélög | Nei, frjáls en sterkir fjárhagslegir hvatar | Já | Já | | Já<br>varanlegt | Já<br>Lababreyting 2021 setti aukna áherslu á menntun og atvinnuþátttöku |
| Danmörk | 5 sýslur<br>98 sveitarfélög | Já frá 1998 | Já | Já | Allt að mánuður, 4 virkir dagar v/Úkraínu | Já<br>tímabundið | Já |
| Ísland | 64 sveitarfélög | Nei, frjáls með samningum frá 2022 | Já<br>En þó munur á milli sveitarfélaga | Nei<br>aðeins hámark samkv. samn. | 5-8 vikur | Nei<br>aðstoð við húsnæðisleit | Nei<br>ekki nema að takmörkuðu leyti |

# og fleira úr norrænu samhengi

- Bæði Noregur og Svíþjóð bjóða upp á mislangar leiðir í stuðningi sem getur verið frá 3 mánuðum og upp í 3 ár byggt á þörfum flóttafólksins og viðkvæmri stöðu.
- Öll Norðurlöndin eru nú að auka vægi atvinnuþáttöku sem mikilvægan hluta af inngildingu.
- Svíþjóð hefur staðið sig best í mati á menntun, önnur Norðurlönd líta í auknu mæli til aðferða þeirra
- Í öllum ríkjunum gilda sértækar reglur fyrir Úkraínu, þær eru ýmist ívilnandi (einkum um málmeðferðarhraða og rétt til veru) eða takmarkaðri (hvað varðar félagsleg réttindi og rétt til inngildingar).
- Atvinnuþátttökustyrkir sem aðlögunarráðstöfun sýnir sterka jákvæða fylgni við hversu snemma flóttafólk kemst út á vinnumarkaðinn, en sú fylgni minnkar með tímanum.
- Nýleg norræn rannsókn bendir til þess að fjárfesting í upp- og (viðbótar) (e. *upskilling and supplementary*) menntun fyrir flóttafólk geti tryggt flóttafólki stöðugri vinnumarkaðsstöðu til lengri tíma litið.
- Á Íslandi reiknaði greiningardeild Arionbanka að þrátt fyrir aukinn stuðning við flóttafólk í upphafi væri koma þeirra til Íslands og þátttaka á íslenskum vinnumarkaði þjóðhagslega hagkvæm